

59. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 16. mars 2016

Fundargerð

Fundurinn haldinn í fundarsal á Reyðarfirði kl. 13:00-15:00.

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Gunnar Jónsson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Karl Lauritzson (KL)
Mættir stjórnarmenn í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Berglind Häsler (BH)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Samanburður fjárhagsáætlun vs. raun vegna vinnutíma og beins kostnaðar
3. Fyrstu drög að uppgjöri 2015 fyrir Austurbrú ses
4. Fab-Lab – fyrirkomulag og framtíðarsýn
5. Framlög til fræðslumála frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu
6. Önnur mál
 - Miðstöð Menningarfræða Seyðisfirði
 - Hagvísar Austurlands
 - Starfsmannamál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna á fundinn

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð 58 staðfest og verður undirrituð á næsta fundi.

2) Samanburður fjárhagsáætlun vs. raun vegna vinnutíma og beins kostnaðar

JÁÞ fór yfir yfirlit sem sýnir nýtingu á tíma og bókaðan beinan kostnað á verkefni það sem af er árinu eins og hann stendur í DK. Yfirlitið sýnir að kostnaður og nýting tíma er að þróast í samræmi við fjárhagsáætlun.

3) Fyrstu drög að uppgjöri 2015 fyrir Austurbrú ses

JÁÞ fór yfir fyrstu drög að uppgjöri fyrir árið 2015. Uppgjörið er á leið í uppsetningu og endurskoðun hjá KPMG. Framundan er einnig vinna við gerð ársskýrslu en stefnt er að ársfundi Austurbrúar þann 11. maí 2016.

4) Fab-Lab – fyrirkomulag og framtíðarsýn

Fyrir fundinum liggur bréf frá yfirverkefnisstjóra sérverkefna um afstöðu stjórnar til áframhald samnings um Fab-Lab Austurland. Gerður var upphaflega samningur til tveggja ára á milli Austurbrúar, NMI og Verkmenntaskóla Austurlands sem hófst þann 1. September 2014 og kemur sá samningur til með að renna út í lok ágúst að öllu óbreyttu. Stjórn leggur áherslu á að Austurbrú hafi komið að samningnum í upphafi til að koma verkefninu af stað. NMI hefur leitt innleiðingu Fab-Lab á Íslandi og er mikilvægt að NMI leggi fram sýn sem og áætlanir um með hvaða hætti rekstrargrundvöllur Fab-Lab smiðja eigi að vera á landsvísu. Rekstargrunnur þeirra fullbúnu smiðja sem þegar eru fyrir hendi er mjög mismunandi m.t.t. aðkomu NMI sem og fleiri þátta. Mikilvægt er NMI klári sína vinnu við að þróa það módel sem leggja á til grundvallar rekstri svona smiðja um landið. Stjórn Austurbrúar óskar eftir að fá upplýsingar frá NMI um ofangreind atriði fyrir 15. maí.

5) Framlög til fræðslumála frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

JÁÞ fór yfir drög að bréfi til MMR vegna framlaga til fræðslumála. Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram að vinna að erindinu í samráði við Þórarinn Sólmundarson hjá MMR.

7. Önnur mál

- Miðstöð Menningarfræða Seyðisfirði

JÁÐ fór hvað framundan væri í verkefninu vegna MMF á Seyðisfirði. Signý og Jónína munu fara til fundar við aðila frá Seyðisfjarðarkaupstað, Tækniminjasafninu sem og Skaftfelli til að ræða áherslur í verkefninu núna 2016. Stjórn þarf að skoða sýn á verkefnið til næstu ára í samræmi við samtöl sem JÁÐ átti við bæjarráð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

- Hagvísar Austurlands

JÁÐ fór yfir framgang verkefnisins.

- Starfsmannamál

Kjarasamningar sem Austurbrú miðar við hafa verið lausir síðan 1. September. Unnið er að nýjum samningum á vettvangi samband íslenskra sveitarfélaga og vonast framkvæmdastjóri að nýjir samningar liggi fyrir hið fyrsta því óvissan er mjög slæm gagnvart starfsmönnum.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 15:00

Gunnar Jónsson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannsson

Sæunn Stefánsdóttir

Karl Lauritzson